


Pivot á skýrsluna „Forsendur launaröðunar“

- Skýrslan „Forsendur launaröðunar“ er keyrð í Askur HR laun og síðan flutt yfir í Excel, þar er valið „Setja inn“ og svo „PivotTable“ hakið við „Nýtt vinnublað“ og smeltt á „Í lagi“.
- Þá opnast pivot tafla í nýjum flipa í Excel skjalinu. Færið „Nafn“ niður í gluggann „Línur“, færið svo „Grunnlaunaflokkur“ undir „Nafn“ í „Línur“ og síðan „Útborgaður launaflokkur“ undir „Grunnlaunaflokkur“. Færið „Ástæða“ í gluggann „Dálkar“ og „Viðbótarlaunaflokkur“ og „Álagsþrep“ færast í gluggann „Gildi“.
- Setjið síðan grunnlaunaflokk annars vegar og útborgaðan launaflokk hins vegar í dálka fyrir framan úttakið ykkar með því að hægri smella einhvers staðar inni í gögnunum ykkar, (t.d. í B6) velja „PivotTable-Valkostir“ smella á flipann „Birta“ haka í „Hefðbundið PivotTable-útlit“ og svo „Í lagi“. Þá birtast „Grunnlaunaflokkur“ og „Útborgaður launaflokkur“ í dálkum B og C.
- Smellið með músinni í t.d. svæðið B7 hægri smellið þar inni veljið „Millisamtala „Nafn“, hægri smellið aftur og veljið „Millisamtala „Grunnlaunaflokkur“, þá hverfur hakið fyrir framan til að eyða út millilínunum sem mynduðust í töflunni.
- Veljið „Heim“ og ljómið upp textann sem kom úr „Ástæður viðbótarlauna“ (dálkana í línu 4 og 5 frá og með dálki D) og svo  og „Snúa texta upp“ og þjappið síðan dálkunum saman til að ástæður viðbótarlauna og/ eða þrepa sjáist betur og taki minna pláss.
- Færið núna bendilinn í fyrsta auða reitinn fyrir aftan töfluna ykkar (í línu 6) og nýtið ykkur skipuna RIGHT til að stemma af tölurnar ykkar, þ.e. hvort grunnlaunaflokkur plús viðbótarlaunaflokkur og álagsþrep stemmi við útborgaðan launaflokk:
Setjið eftirfarandi í reitinn: $=+RIGHT(„Grunnlaunaflokkur“;3)$ grunnlaunaflokkur er valinn úr svæðinu „Grunnlaunaflokkur“ lítur svona út í skjalinu $=+RIGHT(B6;3)$ – Þessi skipun birtir síðustu 3 stafina úr Grunnlaunaflokknum sem myndar grunninn. Nefnið dálkinn Grunnlaun, í línu 5.
- Færið núna bendilinn í svæðið fyrir aftan svæðið sem þið voruð að vinna með og setjið eftirfarandi í þann reit: $=+RIGHT(„Útborgaður launaflokkur“;3)$ – Þessi skipun birtir síðustu 3 stafina úr útborgaða launaflokknum. Nefnið dálkinn Útborgun, í línu 5.
- Töluna í svæðinu „Alls Summa af Viðbótarlaunaflokkur“ þarf að margfalda með 10 svo sú tala passi inn í útreikninginn. Ekkert þarf að margfalda við „Alls Summa af Álagsþrep“. Þetta gefur okkur viðbótarlaunin ofan á grunninn (uppreiknaðan launaflokk). Dæmi: grunnlaunaflokkur er 090 og svo eru 4 viðbótarflokkur skráðir og 5 álagsþrep, útborgaður launaflokkur er 135 sem reiknast svona: $90+4*10+5 = 90+40+5=135$.
- Setjið bendilinn í næsta auða svæði fyrir aftan töfluna ykkar og setjið þar inn $= („Dálkur: Grunnlaun“) + Alls Summa af Viðbótarlaunaflokkur *10 + Alls summa af Álagsþrep$. Þetta ætti að verða sama tala og svæðinu á undan, þ.e. „Útborgun“. Til að geta síðan

kóperað þetta svæði niður listann er auðveldara að skrá inn heitið á reitnum þar sem samtalan af viðbótarlaunaflokki og síðan samtalan af álagsþrepi (dæmi M6) í stað þess að velja svæðið úr pivot töflunni, því þá er búið að festa svæðið í formúlunni. Nefnið dálkinn Uppreiknað, í línu 5.

- *Athugið að viðbótarlaunaflokka lækna þarf ekki að margfalda með 10, þeir leggjast bara beint við grunnlaunaflokkinn. Dæmi: grunnlaunaflokkur er 400 og skráðir eru 3 viðbótarflokkar = 403 í útborgun.
- Í síðasta dálknum er hægt að nota einfalda IF skipun til að sjá í fljótu bragði hvort þetta stemmir eða hvort það er mismunur. =+IF(„Dálkur:Uppreiknað“-„Dálkur:Útborgun“=0;„Rétt“;„Mismunur“). Þessi skipun merkir þær línur þar sem summan af grunnlaunaflokki og skráðum viðbótarlaunum (uppreiknaður launaflokkur) stemmir við útborgaða launaflokkinn sem „Rétt“ og þar sem tölurnar stemma ekki birtist „Mismunur“.
- Hægt er að kópera nýju svæðin á milli nafna til að fylla út í listann. Hafa þer í huga að dálkarnir hreyfast ekki með Pivot töflunni, svo ef dálkum er fjölgað eða fækkað þá hreyfast þeir ekki með.

Dæmi:

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L
1												
2												
3				Ástæða	Gildi							
4				Menntun	Frammistaða	Ábyrgð	Alls Summa af Viðbótarlaunaflokkur	Alls Summa af Álagsþrep				
5	Nafn	Grunnlaunaflokkur	Útborgaður Launaflokkur	Summa af Viðbótarlaunaflokkur	Summa af Álagsþrep	Summa af Viðbótarlaunaflokkur			Grunnlaun	Útborgun	Uppreiknað	
6	Guðrún Guðrúnardóttir	689.100	689.112	1	2	1	2	100	112	112	Rétt	
7	Jón Jónsson	689.100	689.164	4	3	2	6	3	100	164	163	Mismunur
8	Heildarsumma			5	5	2	7	5				